

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 104/2004

frá 9. júlí 2004

um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) IX. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 73/2004 frá 8. júní 2004 ⁽¹⁾.
- 2) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/87/EB frá 16. desember 2002 um viðbótareftirlit með lánastofnunum, vátryggingafélögum og fyrirtækjum í verðbréfaþjónustu sem eru hluti af samsteypu fjármálafyrirtækja og um breytingu á tilskipunum ráðsins 73/239/EBE, 79/267/EBE, 92/49/EBE, 92/96/EBE, 93/6/EBE og 93/22/EBE og á tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 98/78/EB og 2000/12/EB ⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

IX. viðauki við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 30d (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/65/EB):

„30e. **32002 L 0087**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/87/EB frá 16. desember 2002 um viðbótareftirlit með lánastofnunum, vátryggingafélögum og fyrirtækjum í verðbréfaþjónustu sem eru hluti af samsteypu fjármálafyrirtækja og um breytingu á tilskipunum ráðsins 73/239/EBE, 79/267/EBE, 92/49/EBE, 92/96/EBE, 93/6/EBE og 93/22/EBE og á tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 98/78/EB og 2000/12/EB (Stjtið. ESB L 35, 11.2.2003, bls. 1).“
2. Eftirfarandi undirliður bætist við í 2. lið (fyrsta tilskipun ráðsins 73/239/EBE), lið 7a (tilskipun ráðsins 92/49/EBE), lið 30a (tilskipun ráðsins 93/6/EBE), lið 30b (tilskipun ráðsins 93/22/EBE) og 14. lið (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/12/EB):

„- **32002 L 0087**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/87/EB frá 16. desember 2002 (Stjtið. ESB L 35, 11.2.2003, bls. 1).“
3. Eftirfarandi bætist við í 11. lið (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/83/EB) og lið 12c (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/78/EB):

„, eins og henni var breytt með:

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 349, 25.11.2004, bls. 30 og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 59, 25.11.2004, bls. 7.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 35, 11.2.2003, bls. 1.

- **32002 L 0087**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/87/EB frá 16. desember 2002 (Stjtið. ESB L 35, 11.2.2003, bls. 1).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipunar 2003/87/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 10. júlí 2004 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 9. júlí 2004.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

Kjartan Jóhannsson

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

Ø. Hovdkinn

M. Brinkmann

(*) Stjómskipuleg skilyrði gefin til kynna.